

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sjúkling

Glucos Baxter Viaflo 100 mg/ml innrennslislyf, lausn

Virkt efni: glúkósi

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækinn eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Lyfið heitir „Glucos Baxter Viaflo 100 mg/ml, innrennslislyf, lausn“, en í þessum fylgiseðli er það einungis nefnt „Glucos Baxter Viaflo“.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Glucos Baxter Viaflo og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Glucos Baxter Viaflo
3. Hvernig nota á Glucos Baxter Viaflo
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Glucos Baxter Viaflo
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Glucos Baxter Viaflo og við hverju það er notað

Glucos Baxter Viaflo er sykur (glúkósa) lausn í vatni. Glúkósi er einn af orkugjöfum líkamans. Úr þessu innrennslislyfi fást 400 hitaeiningar í hverjum lítra.

Glucos Baxter Viaflo er notað:

- sem sykurforði (kolvetni) eitt sér eða, eftir þörfum, við næringargjöf í æð. Næringargjöf í æð er notuð sem fæða fyrir sjúklinga sem geta ekki borðað. Lausnin er gefin hægt í æð (með innrennsli)
- sem forvörn gegn eða meðferð við lágum blóðsykri (blóðsykurslækkun sem veldur einkennum en er ekki lífshættuleg)
- til að gefa þér aukinn vökva ef líkamann skortir vatn (þú þjáist af vökvatapi) og þig vantar viðbótar sykur (kolvetni)
- til að þynna önnur lyf svo að hægt sé að gefa þau í æð

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

2. Áður en byrjað er að nota Glucos Baxter Viaflo

EKKI má nota Glucos Baxter Viaflo ef eitthvað af eftirfarandi er til staðar

- sykursýki sem ekki hefur náðst að meðhöndla þannig að blóðsykursgildi eru hærri en eðlilegt er (vantempruð sykursýki)
- dá vegna aukinnar flæðispennu (meðvitundarleysi, *hyperosmolar coma*). Slíkt dá getur komið fram ef sykursýki er til staðar og lyfjagjöf er ekki fullnægjandi.
- þynning blóðs vegna of mikillar vökvagjafar (blóðþynning)
- of mikill vökvi í rýminu utan um frumur líkamans (utanfrumuofvökvun)
- of mikið blóð í æðakerfinu (ofdreyri)
- óeðlilega há gildi sykurs í blóði (blóðsykurshækkun)

- óeðlilega há gildi laktats, efni í blóði (blóðlaktathækkun)
- alvarleg nýrnabilun (þegar nýrun virka ekki vel og þörf er á skilun)
- ómeðhöndluð hjartabilun. Það er hjartabilun sem hefur ekki verið meðhöndluð nægilega vel og veldur einkennum á borð við:
 - mæði
 - ökklabólgu
- uppsöfnun vökva undir húð sem hefur áhrif á alla hluta líkamans þar með talin lungu og heila (almennur bjúgur)
- lifrarsjúkdómur sem veldur vökvasöfnun í kviðarholinu (skorpulifur með skínuholsvökva)
- sjúkdómur sem hefur áhrif á sykurstjórnun líkamans
- óþol (ofurnæmi) fyrir glúkósa. Gætu hugsanlega komið fram hjá sjúklingum sem eru með ofnæmi fyrir maís.

Sé öðru lyfi bætt í lausnina á alltaf að lesa fylgiseðil þess lyfs. Með því móti má athuga hvort óhætt sé að taka lyfið.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Glucos Baxter Viaflo er yfirþrýstin (óblönduð) lausn. Læknirinn reiknar með þessu þegar hann ákveður hversu mikla lausn á að gefa.

Látið lækninn vita ef til staðar er eða hefur verið eitthvert eftirfarandi atriði:

- sykursýki
- nýrnasjúkdómur
- bráður lífshættulegur sjúkdómur (veikindi sem nýlega hafa komið upp og eru hugsanlega lífshættuleg)
- hár þrýstingur í höfuðkúpu (innankúpuþrýstingur)
- látið lækninn vita ef þú hefur fengið höfuðáverka á síðustu 24 klukkustundum
- heilaslag vegna blóðtappa í heilaæð (blóðþurrðarslag)
- hjartasjúkdómur (hjartabilun)
- lungnasjúkdómur (öndunarbílun)
- minnkuð þvagframleiðsla
- of mikið vatn í líkamanum (vatnseitrun)
- lág þéttni af natríum í blóði
- ofnæmi fyrir maís (Glucos Baxter Viaflo inniheldur sykur sem er unninn úr maís)
- kvilli sem getur valdið mikilli þéttni vasópressíns, en það er hormón sem stýrir vökvabúskap líkamans. Þú gætir til dæmis verið með of mikla þéttni vasópressíns vegna þess að:
 - þú hafir fengið bráðan og alvarlegan sjúkdóm
 - þú sért með verki
 - þú hafir gengist undir skurðaðgerð
 - þú ert með sýkingu, brunasár eða heilasjúkdóm
 - þú ert með sjúkdóm sem tengist hjarta, lifur, nýrum eða miðtaugakerfi,
 - vegna þess að þú tekur tiltekin lyf (sjá einnig hér fyrir neðan „Notkun annarra lyfja samhliða Glucos Baxter Viaflo“).

Þetta getur aukið hættu á lítilli þéttni natríums í blóði og getur valdið höfuðverk, ógleði, krömpum, svefnhöfga, dái, þrota í heila eða dauða. Þroti í heila eykur hættu á dauða og heilaskemmdum. Hætta á þrota í heila er aukin hjá:

- börnum
- konum (einkum á barneignaraldri)
- einstaklingum með vandamál tengd vökvamagni í heila, svo sem vegna heilahimnubólgu, innankúpublæðinga eða heilaskemmda

Þegar innrennslið er gefið mun læknirinn fylgjast með eftirfarandi :

- magni salta, svo sem natríums og kalíums í blóði (blóðsölt)
- magni sykurs (glúkósa)
- magni vökva í líkamanum (vökvajafnvægi)
- sýrustigi blóðs og þvags (breytingum á sýru-basa vægi)

Læknirinn aðlagar magn lausnarinnar sem er gefin út frá niðurstöðum þessara prófa. Þessi próf upplýsa lækninn líka um hvort þú þarft viðbótar kalíum, salt í blóðinu. Það má gefa eftir þörfum.

Vegna þess að Glucos Baxter Viaflo inniheldur sykur (glúkósa) getur það valdið háum sykursgildum í blóði (blóðsykurshækkun). Komi þetta fyrir getur verið að læknirinn:

- aðlagi innrennslisþráðann
- gefi insúlín til að draga úr blóðsykursgildum
- gefi auka kalíum ef þurfa þykir

Þetta skiptir sérstaklega miklu máli:

- ef þú ert með sykursýki.
- ef nýrun starfa ekki sem skyldi
- ef stutt er síðan þú fékkst heilablóðfall (brátt blóðþurrðarslag). Há blóðsykursgildi geta gert áhrif heilablóðfallsins verri og haft áhrif á bata.
- ef þú ert með efnaskiptaraskanir vegna hungurs eða vegna mataræðis sem ekki gefur rétt hlutföll nauðsynlegra næringarefna (vannæring)
- ef þú ert með lítið magn tíamíns (B₁ vítamín) í líkamanum. Það getur gerst við langvinna áfengissýki.

Glucos Baxter Viaflo má ekki gefa um sömu nál og blóðgjöf. Það getur skaðað rauðu blóðkornin eða valdið því að þau myndi kekki.

Börn

Gæta skal sérstakrar varúðar þegar Glucos Baxter Viaflo er gefið börnum.

Læknir eða hjúkrunarfræðingur á að gefa börnum Glucos Baxter Viaflo innrennsli. Læknir með sérfræðimenntun í barnalækningum á að ákvarða magnið sem gefið er og fer það eftir aldri, þyngd og ástandi barnsins. Ef Glucos Baxter Viaflo innrennsli er notað til að gefa eða þynna annað lyf eða ef önnur lyf eru gefin samtímis getur það einnig haft áhrif á skammtinn.

Þegar börnum er gefið þetta innrennsli mun læknirinn taka blóð- og þvagsýni til að fylgjast með magni salta svo sem kalíums í blóði (blóðsalta).

Nýburar – einkum fyrirburar og börn með lága fæðingarþyngd eru í aukinni hættu á að fá of lágan eða of háan blóðsykurstyrk og því þarf að fylgjast náið þeim meðan á meðferð með innrennsli sykurlausna í bláæð stendur til að tryggja nægilega sykurstjórn og komast hjá hugsanlega langvinnum aukaverkunum. Lág blóðsykursgildi hjá nýburum geta valdið langvinnum krömpum, dái og heilaskemmdum. Há blóðsykursgildi hafa tengst blæðingu í heila, bakteríu- og sveppasýkingum, skemmdum á augum (snemmkomin sjónukvilli), bólgu í meltingarvegi (garnar- og ristilbólgu með drepí), lungnavandamáli (misvöxtur í lungnaberkjum), lengri innlögn á sjúkrahúsum og dauða.

Þegar lyfið er gefið nýburum, gæti pokinn með lausninni verið tengdur við innrennslisdælu, sem auðveldar nákvæma skömmtun á nauðsynlegu vökvamagni yfir ákveðið tímabil. Læknirinn og hjúkrunarfræðingurinn munu fylgjast vel með búnaðinum til að tryggja öryggi við lyfjagjöfina.

Börn (þ.m.t. nýburar og eldri börn) sem fá Glucos Baxter Viaflo eru í aukinni hættu á að fram komi natríumlækkun í blóði (natríumlækkun með of lágum osmósustyrk) og kvilli í heila vegna lítills magns natríums í blóðvökva (heilakvilli af völdum natríumlækkunar).

Notkun annarra lyfja samhliða Glucos Baxter Viaflo

Látið lækninn eða hjúkrunarfræðinginn vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Glucos Baxter Viaflo innrennsli og önnur lyf sem tekin eru á sama tíma geta haft áhrif á hvort annað. Glucos Baxter Viaflo innrennsli á ekki að nota með ákveðnum hormónum (katekolamínunum) að meðtöldu adrenalíni og sterum, vegna þess að þau geta valdið hækkun á sykursgildum í blóði.

Ákveðin lyf hafa áhrif á hormónið vasópressín, en meðal þeirra geta verið:

- lyf við sykursýki (klórprópamíð)
- lyf við of háu kólesteróli (klófíbrat)
- sum krabbameinslyf (vínkristín, ífosfamíð, cýklófosfamíð)
- sértækir serótónín endurupptökuhemlar (notaðir við þunglyndi)
- geðrofslyf eða ópíóíðlyf til mikillar verkjastillingar
- lyf við verkjum og/eða bólgu (bólguþeyðandi gigtarlyf)
- lyf sem líkja eftir áhrifum vasópressíns eða efla þau, svo sem desmópressín (notað við auknum þorsta og þvagmyndun), terlipressín (notað við blæðingum í vélinda) og oxýtócín (notað til að koma af stað fæðingu)
- lyf við flogaveiki (karbamazepín og oxkarbazepín)
- þvagræsilyf.

Notkun Glucos Baxter Viaflo með mat eða drykk

Leitið ráða hjá læknum um hvað má borða eða drekka.

Meðganga, brjóstagjöf og frjósemi

Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð, skal leita ráða hjá læknum eða hjúkrunarfræðingi áður en lyfið er notað.

Meðganga

Glucos Baxter Viaflo má nota á meðgöngu. Hins vegar skal gæta varúðar þegar glúkósulausnin er notuð við fæðingu.

Frjósemi

Ekki eru nægileg gögn til staðar sem sýna áhrif Glucos Baxter Viaflo á frjósemi. Hins vegar er ekki búist við áhrifum á frjósemi.

Brjóstagjöf

Ekki eru nægileg gögn til staðar sem sýna áhrif Glucos Baxter Viaflo á brjóstagjöf. Hins vegar er ekki búist við áhrifum á brjóstagjöf. Glucos Baxter Viaflo má nota meðan á brjóstagjöf stendur.

Sé öðru lyfi bætt í lausnina á meðgöngu eða meðan á brjóstagjöf stendur skaltu:

- leita ráða hjá læknum
- lesa fylgiseðil lyfsins sem bæta á í.

Akstur og notkun véla

Leitaðu ráða hjá læknum eða hjúkrunarfræðingi áður en þú ekur bíl eða stjórnar vélum.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni.

Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana.

Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn.

Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

3. Hvernig nota á Glucos Baxter Viaflo

Læknirinn eða hjúkrunarfræðingur gefur Glucos Baxter Viaflo. Læknirinn ákvarðar þann skammt af Glucos Baxter Viaflo sem þú þarft á að halda og hvenær hann er gefinn. Þetta ræðst af aldri, þyngd, líkamsástandi og ástæðunni fyrir meðferðinni. Önnur meðferð sem þú færð getur líka haft áhrif á magnið sem gefið er.

EKKI á að gefa Glucos Baxter Viaflo ef agnir eru í lausninni eða ef einhverjar skemmdir eru á pakkningunni.

Glucos Baxter Viaflo er yfirleitt gefið í plastslöngu sem tengd er nál í bláæð. Yfirleitt er bláæð í handlegg notuð til innrennslisins. Læknirinn getur þó notað aðra aðferð við að gefa lyfið.

Fyrir innrennsli og meðan á því stendur mun læknirinn fylgjast með:

- vökvamagni í líkama þínum
- sýrustigi blóðs og þvags
- magni blóðsalta í líkama þínum (einkum natríums hjá sjúklingum með há gildi hormónsins vasópressíns og sjúklingum sem taka önnur lyf sem auka áhrif vasópressíns).

Farga á ónotaðri lausn. EKKI má gefa Glucos Baxter Viaflo úr poka sem búið er að nota úr.

Ef notaður er stærri skammtur af Glucos Baxter Viaflo en mælt er fyrir um

Ef þú færð of mikið af Glucos Baxter Viaflo (of mikil vökvagjöf), það er gefið of hratt eða of oft, getur það valdið eftirfarandi einkennum:

- auknu vökvamagni í vefjum sem veldur bólgu (bjúg) eða vatnssöfnun sem veldur lækun á natríumþéttni í blóði (natríumlækkun)
- hærri blóðsykursgildum en eðlilegt er (blóðsykurshækkun)
- of mikilli blóðþéttni (aukinni flæðispennu)
- sykri í þvagi (sykurmigu)
- aukningu á þvagmagni (þvagflæði af osmótískum orsökum)
- vökvaskorti í líkamanum (vessaþurrð)

Ef þú færð einhver þessara einkenna verðurðu að láta lækinn vita af því án tafar.

Innrennslið verður þá stöðvað eða minnkað. Gefa á insúlín og meðferð eftir einkennum hafin.

Ef lyfi er blandað í Glucos Baxter Viaflo áður en of mikil vökvagjöf á sér stað, getur það lyf einnig valdið einkennum. Í fylgiseðli íblöndunarlyfsins má lesa um hugsanleg einkenni.

Ef hætt er að nota Glucos Baxter Viaflo

Læknirinn ákveður hvenær innrennslinu skal lokið.

Leitið til læknisins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Aukaverkanir geta verið:

- ofnæmisviðbrögð að meðtöldum alvarlegum viðbrögðum sem eru kölluð bráðafnæmi (líklegt að komi fram hjá sjúklingum með ofnæmi fyrir máis)
 - erfiðleikar við öndun
 - bólga í húð, á andliti og vörum og þroti í hálsi
 - hiti
 - ofsakláði
 - útbrot
 - roði í húð (húðroði)
 - skjálfti
- breytingar á magni salta í blóði (blóðsaltatruflanir)
 - lítil þéttni natríums í blóði, sem getur hafa komið til meðan á innlögn á sjúkrahús stóð (blóðnatríumlækkun) og tengdur taugakvilli (bráður heilakvilli vegna blóðnatríumlækkunar). Blóðnatríumlækkun getur valdið óafturkræfum heilaskemmdum og dauða vegna bjúgs/þrota í heila (sjá einnig í kafla 2 „Varnaðarorð og varúðarreglur“)
 - lágt kalíumgildi í blóði (blóðkalíumlækkun)
 - lágt magnesíumgildi í blóði (blóðmagnesíumlækkun)
 - lágt fosfatgildi í blóði (blóðfosfatlækkun)

- hærri blóðsykur en eðlilegt er (blóðsykurshækkun)
- umframvökvi í æðum (blóðþynning og ofdreyri)
- sykur í þvagi (sykurmiga)
- viðbrögð vegna aðferðar við lyfjagjöf
 - hiti, hitaviðbrögð (sótthiti)
 - sýking við stungustað
 - leki innrennslisvökva út í vefinn í kringum bláæðina (utanæðarrennsli). Þetta getur skaðað vefina og valdið örvefjarmyndun.
 - myndun blóðtappa (segamyndun í bláæð) við innrennslisstað sem veldur sársauka, bólgu eða roða á blóðtappasvæðinu
 - erting og bólga í bláæðinni sem innrennslið er gefið í (bláæðabólga). Slíkt getur valdið roða, verk eða sviðatilfinningu auk þrota eftir endilangri bláæðinni sem lausnin er gefin í.
- staðbundinn verkur eða viðbrögð (roði eða þroti við innrennslisstað)
- svitamyndun

Ef lyfi hefur verið blandað í innrennslislausnina getur íblöndunarlyfið líka valdið aukaverkunum. Þessar aukaverkanirnar fara eftir því hvaða lyfi er blandað í. Í fylgiseðli íblöndunarlyfsins má lesa um hugsanleg einkenni. Ef vart verður við einhverja aukaverkun þarf að stöðva innrennslið.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Glucos Baxter Viaflo

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Engin sérstök fyrirbætur eru um geymsluaðstæður lyfsins.

Ekki skal nota Glucos Baxter Viaflo eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á pokanum á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má gefa Glucos Baxter Viaflo ef vart verður við agnir í lausninni eða ef umbúðir eru skemmdar.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Hvað inniheldur Glucos Baxter Viaflo

Virka innihaldsefnið er glúkósi (sem einhýdrat): 100 g í lítra.

Eina innihaldsefnið fyrir utan það er vatn fyrir stungulyf.

Innihald í 250 ml:

Glúkósi (sem einhýdrat): 25 g.

Innihald í 500 ml:

Glúkósi (sem einhýdrat): 50 g.

Innihald í 1000 ml:

Glúkósi (sem einhýdrat): 100 g.

Lýsing á útliti Glucos Baxter Viaflo og pakkningastærðir

Glucos Baxter Viaflo er tær lausn, án sýnilegra agna. Lausnin er í plastpokum úr pólyolefíni/pólýamíði (Viaflo). Hverjum poka er pakkað í innsiglaðan, ytri hlífðarpoka úr plasti.

Pokastærðirnar eru:

- 250 ml
- 500 ml
- 1000 ml

Pakkningastærðir:

- 30 eða 36 pokar með 250 ml í hverri öskju
- 1 poki með 250 ml
- 20 eða 24 pokar með 500 ml í hverri öskju
- 1 poki með 500 ml
- 10 eða 12 pokar með 1000 ml í hverri öskju
- 1 poki með 1000 ml

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi:

Baxter Medical AB

Box 63

164 94 Kista

Svíþjóð

Framleiðandi:

Bieffe Medital S.A.

Ctra de Biescas, Senegüé

22666 Sabiñanigo (Huesca)

Spánn

Þessi seðill var síðast uppfærður í apríl 2019.

Eftirfarandi upplýsingar eru einungis ætlaðar heilbrigðisstarfsfólki:

Meðhöndlun og undirbúningur

Skoðið lausnina með berum augum fyrir notkun.

Skoða á lyf til gjafar í æð með tilliti til agna og mislitunar áður en þau eru gefin, ef lausnin og ílátið leyfa. Notið lausnina aðeins ef hún er tær, án sýnilegra agna og pokinn er óskemmdur. Lyfjagjöf skal hafin um leið og innrennslissett hefur verið tengt.

Fjarlægið ytri pokann ekki fyrr en rétt fyrir notkun.

Innri pokinn viðheldur dauðhreinsun lausnarinnar.

Raðtengið ekki plastpokana. Slík notkun gæti leitt til þess að loft sem eftir situr í fyrri pokanum dragist inn í blóðrásina áður en gjöf vökvans úr seinni pokanum er lokið.

Aukinn þrýstingur á innrennslislausnir í sveigjanlegum plastlátum til þess að auka flæðihraða getur leitt til loftblóðreks ef afgangsloft í ílátinu er ekki tæmt úr að fullu fyrir gjöf.

Ef notaður er innrennslisbúnaður með loftloka og lokinn hafður í opinni stöðu getur það leitt til þess að loftbólur berist í æð. Ekki á að nota innrennslisbúnað með loftloka með lokann í opinni stöðu ásamt sveigjanlegum innrennslispokum úr plasti.

Gefið lausnina með dauðhreinsuðum innrennslisbúnaði að viðhafðri smitgát. Skolið innrennslisbúnaðinn með lausn til þess að koma í veg fyrir að loft komist inn í kerfið.

Viðeigandi getur verið að bæta blóðsöltum við lausnina, samkvæmt þörfum sjúklingsins.

Bæta má lyfjum í lausnina áður en hún er gefin eða meðan á gjöf stendur, í gegnum lyfjaop sem lokast aftur. Sé lyfi bætt í lausnina, skal staðfesta endanlega osmósupéttni áður en hún er gefin í æð. Skylt er að gæta fyllstu smitgátar þegar lyfi er bætt í lausnina. Lausnir sem lyfjum hefur verið bætt í, skal gefa án tafar, þær skal aldrei geyma.

Til að fyrirbyggja að nýburum sé gefið of mikið vökvainnrennsli í bláæð sem getur verið banvænt, þarf að huga sérstaklega að aðferð við lyfjagjöfina. Þegar notaðar eru dælur sem eru tengdar sprautum við vökvainnrennsli eða lyfjagjöf í bláæð hjá nýburum, má ekki skilja vökvapoka eftir tengdan við sprautuna.

Þegar notaðar eru innrennslisdælur, þurfa allar klemmur á lyfjagjafarbúnaðinum að vera lokaðar áður en búnaðurinn er losaður frá dælunni, eða áður en slökkt er á dælunni. Þetta er nauðsynlegt óháð því hvort að búnaðurinn er útbúinn á þann veg að hindrun sé á frjálsu vökvafloði („anti free flow device“).

Fylgjast þarf oft með búnaði til innrennslis og lyfjagjafar.

Fargið eftir eina notkun.

Fargið afgangslausn.

Endurtengið ekki poka sem notað hefur verið úr.

Ekki á að geyma lausnir sem efnum hefur verið bætt í.

Viðhafa skal smitgát þegar efnum er bætt í glúkósalausnir.

Blanda á lausnina vandlega þegar efnum hefur verið bætt í hana.

1. Umbúðir opnaðar

- a. Takið VíaFlo pokann úr ytri pokanum rétt fyrir notkun.
- b. Gangið úr skugga um að umbúðir leki ekki með því að kreista innri pokann fast. Ef leki finnst á að farga lausninni vegna þess að hún er ekki lengur sæfð.
- c. Athugið hvort lausnin er tær og laus við aðskotaagnir. Sé lausnin ekki tær eða ef hún inniheldur aðskotaagnir, á að farga henni.

2. Undirbúningur lyfjagjafar

Notið dauðhreinsuð áhöld til undirbúnings og lyfjagjafar.

- a. Hengið pokann á hankann á vökvastandinum.
- b. Takið plasthlífina af frárennslisopinu neðst á pokanum:
 - takið í litla flipann á opinu með annarri hendi,
 - takið í stóra flipann á hettunni með hinni hendinni og snúið,
 - hettan losnar af.
- c. Viðhafið smitgát við uppsetningu á innrennslisettinu.
- d. Tengið innrennslisettið. Fylgið meðfylgjandi leiðbeiningum um tengingu, skolun og gjöf lausnarinnar.

3. Lyfjum bætt í lausnina

Varúð: Íblöndunarlyf geta verið ósamrýmanleg

Lyfjum blandað í fyrir lyfjagjöf

- a. Sótthreinsið lyfjaopið.
- b. Notið sprautu með nál af stærðinni 19 (1,10 mm) til 22 (0,70 mm) gauge. Stingið í gegnum lyfjaopið og sprautið.
- c. Blandið lausn og lyfi vel saman. Ef lyf er með háa eðlisþyngd, t.d. kalíum klóríð, á að banka létt á lyfjaopið á meðan það snýr upp og blanda.
- d. Varúð: Geymið ekki poka með íblöndunarlyfjum.

Lyfjum blandað í meðan á lyfjagjöf stendur

- a. Lokið klemmunni á innrennslissettinu.
- b. Sóttþreinsið lyfjaopið.
- c. Notið sprautu með nál af stærðinni 19 (1,10 mm) til 22 (0,70 mm) gauge. Stingið í gegnum lyfjaopið og sprautið.
- d. Takið pokann af vökvastandinum og/eða snúið honum upp.
- e. Lofttæmið bæði opin með því að slá létt á pokann meðan hann snýr upp.
- f. Blandið lausn og lyfi vel saman.
- g. Hengið pokann aftur upp, losið um klemmuna og haldið lyfjagjöf áfram.

4. Geymslupól meðan á notkun stendur: Íblöndunarlyf

Athuga skal efna- og eðlisfræðilegan stöðugleika þeirra lyfja sem nota skal við sýrustig Glucos Baxter í Viaflo umbúðunum áður en þau eru notuð.

Frá örverufræðilegu sjónarmiði á að nota íblandað efni strax nema íblöndun efna hafi verið gerð við öruggar og samþykktar smitgátar aðstæður. Sé það ekki notað tafarlaust er geymslupól á meðan á notkun stendur og geymsluskilyrði fyrir notkun á ábyrgð notanda.

5. Ósamrýmanleiki við íblöndunarlyf

Glúkósulausn á ekki að gefa á sama tíma, fyrir eða eftir blóðgjöf með sama innrennslisbúnaði vegna hættu á blóðrauðalosi og kekkjum.

Meta verður ósamrýmanleika lyfja sem bæta á í lausnina áður en þeim er bætt í Viaflo-pokann.

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf, vegna þess að rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

Lesið fylgiseðil þeirra lyfja sem blanda á í lausnina.

Áður en lyfi er bætt í lausnina skal gæta þess að lyfið sé vatnsleysanlegt og stöðugt í vatni við sýrustig Glucos Baxter Viaflo 100 mg/ml (pH 3,5 til 6,5).

Þegar samrýmanlegu lyfi er bætt við Glucos Baxter Viaflo skal gefa lausnina strax eftir að lyfinu hefur verið bætt í hana.

Ekki skal nota lyf sem vitað er að eru ósamrýmanleg.